



MYND3TK05

Kennsluáætlun – Vorönn 2018

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Elísabet Harðardóttir (EH) elisah@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum rifja nemendur upp blýantsskyggingar, form- og línuteikningar annars þreps teikniáfangans. Farið er í fríhendingsteikningu, hluta, umhverfis og náttúru og gerðar tilraunir með súrrealískra myndbyggingu. Farið er dýpra í fjarvídd og þjálfun formskilnings. Kynntar og þjálfaðar blindteikningar mannamynda svo og hlutföll í mannlíkamanum. Gerður samanburður á myndbyggingu út frá raunsæi, abstrakt og súrrealisma og lögð áhersla á fríhendingsteikningu og skissugerð

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- teikningu og mismunandi skyggingu hluta og náttúruforma
- áhrifum skugga og ljóss til að ná fram andstæðum í mynd
- margbrotnum þrívíðum formum
- notkun fjarvídarpunkta í myndbyggingu við skissugerð.
- blindteikningu svo og hlutfallaskiptingu mannlíkamans
- súrrealískum áhrifum í myndum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna fríhendis í skissugerð
- teikna margbrotin þrívíð form og skyggja þau.
- myndbyggingu bæði á raunsæjan og súrrealískan hátt.
- vinna með fjarvídd hluti og náttúruform í fríhendingsteikningu
- mæla út hlutföll mannlíkamans og nýta í sinni teikningu.

- nota blind teikningu í gerð mannamynda
- yfirfæra margvíslegar eigin skissur í lokamynd

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- teikna myndir úr sínu nánasta umhverfi með hjálp þrívíddar - og fjarvídartækni
- ná fram fjölbreytilegri skyggingu
- byggja upp myndir úr margbrotnum þrívíðum formum
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna fólk með blindteikningu og líka í réttum hlutföllum.
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd út frá hlutum og náttúru
- Tengja saman ólíka þætti svo úr verði heildstætt verk

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og gróf tímaáætlun á önninni

- 1. Mappa (5%) jan.
- 2. Náttúra nær og fjær, hlutir, áferðir, skyggingar (20%) jan.-feb.
- 3. Manna myndir, hlutföll, blind teikningar, skissur og skyggðar myndir(20%) feb.-mars
- 4. Fjarvidd mismunandi bygginga (20%) mars
- 5. Lokaverkefni annars vegar raunsæ, hins vegar súrrealísk mynd(35%) apríl-maí

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.